

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 915 29. nóvember 2000.

1. gr.

7. gr. breytist þannig:

- a. Liður 7.10 (1), 8. þankastrik, orðist svo:
- stefnuljósker; tvö framvísandi, tvö afturvísandi og eitt á hvorri hlið. Bifreið frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku og Kanada, sem ekki er meira en 6,0 m að lengd, má undanþiggja ákvæðum um stefnuljósker á hlið.
- b. Liður 7.10 (1), 10. þankastrik, orðist svo:
- þokuafturljósker; eitt eða tvö. Bifreið frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku og Kanada, sem ekki er meira en 6,0 m að lengd, má undanþiggja ákvæðum um þokuafturljósker.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. apríl 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

30. apríl 2001

Nr. 355

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 713, 6. október 2000, um öryggisráðstafanir
vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum.

1. gr.

Í 1. gr. auglýsingarinnar breytist dagsetningin „1. apríl 2001“ í dagsetninguna: „1. febrúar 2002“.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. apríl 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.